

5. gr.

18

Menn sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir 12. apríl að lokað er, þó eigi lengur en í háltíma.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sjerstaklega stendur á að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauð-ynja fyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almennings heilla.

7. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mal út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi 1. maí 1921.

Samþykkt þessi staðfestist hjérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytut öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

19

18. apríl

um

grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinslu í heima- og afrjettarlöndum hrepps síns, og því í tæka tíð á hverju vori útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið sem víðast sama dag. Hver innanhreppsmaður er skyldur til þess að starfa, ef forföll ekk ibanna, gegn saungjarnri borgun.

2. gr.

Hreppsnefndin skal semja skrá yfir öll gren, sem eru í landeign hreppsins, hvar

19 þau sjeu og hvernig á sig komin. A skrá þessa skal bæta þeim grenjum, er síðar kynni að 18. apríl finnast eða eru óþekt þá er skráin fyrst var samin. Hver, sem til grenjaleitar er sendur, skal hafa seðil frá hreppsnefndinni um, á hvaða grenjum hann skal leita í hvert skifti. Fyrsta grenjaleit skal fara fram svo snemma, sem líkindi eru til, að refir sjeu lagstir á gren, og síðan svo oft, sem þurfa þykir eftir állti kunnugra manna og kringumstæðum, en þó aldrei sjaldnar en tvisvar sinnum. Jafnan skulu 2 menn vera saman í grenjaleit, og ef unt er, skotmaður með þeim að öllu útbúinn til grenjavinslu.

Finnist refar á greni, má ekki yfirgefa það fyrir en skotmaður er kominn á það. Í afrjettar- og heimalöndum, sem saman liggja (þótt ekki sje í sama hreppi) skulu grenjaleitir í hvert skifti fara fram hinn sama dag.

3. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð ár hvert hafa ráðið áreiðanlega skotmenn til grenjavinslu í landeign hreppsins, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki án gildra orsaka. Einnig ræður hreppsnefndin vökumann, sem er vaxinn þeim starfa og skotmaður tekur gildan. Enginn má hafa með sjer hund á gren, eða gjöra nokkuð það, er fælt geti refi frá þeim, eða á annan hátt spilt fyrir grenjavinslu.

4. gr.

Hreppsnefndin skal tilkynna hreppsþúum, áður en grenjaleitir byrja hverjir skotmenn sjeu ráðnir, og skal landráðandi, þegar gren finst og skotmaður ekki er í leitinni, senda tafarlaust eitir honum, sem skyldur sje að hafa útbúnað allan og skotfæri í gildu standi. Ef út af er brugðið, án þess gild forföll sje sönnuð, varðar það sektum.

5. gr.

EKKI MÁ skotmaður yfirgefa gren, eða fara heim af því, ef dýrin ern ekki bæði unnin, fyrir en 4 sólarhringar eru liðnir frá því hann kom á það, nema sjerstakar orsakir sjeu til þess. Vanræki skotmaður eða vökumaður vísitandi að einhverju leyti að vinna gren, og það verði vitnum fest, missa þeir kaup fyrir að hafa legið á greninu, og geta þess utan sætt sektum eftir málavöxtum.

6. gr.

A vetrum skal hreppsnefndin í hverjum hreppi láta eittra fyrir refi á hentugustu stöðum í heimalöndum hreppsþúa og afrjettum. Til eitrunar skal jafnan hafa »strychnin«, og skal hreppsnefndaroddviti taka út eitir þetta með ráði hjeradslæknis, og segja fyrir um notkun þess. Varðar það sektum ef út af þessu er brugðið.

7. gr.

Nú finst gren af ferðamönnum eða utansveitarmönnum, og skulu þeir þá tilkynna það þeim, sem landið tilheyrir, er grenið er í og fer að öllu leyti með það gren eins og segir í 1. og 4. gr.

8. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr á öðrum tímum en almennar grenjaleitir og grenjavinsla fer fram, skal fá fyrir það borgun úr sýslusjóði, 30 krónur fyrir dýrið, og eiga það að

auki. Hver, sem slíka þóknun vill fá, skal skyldur að sanna fyrir sýslunefndinni að hann hafi **19** unnið til hennar. Kostnað allan bær hann sjálfur. Komi dýrbitir fyrir í sveitinni, skal 13. apríl hreppsnefndin sjá um, að þau dýr vinnist, sem því valda, svo fljótt, sem unt er.

9. gr.

Refaeldi er bannað og yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum má enginn ala nema meðan á grenjavinslunni stendur og þó ekki lengur en til 30. júní. Sleppi yrðlingur úr haldi varðar það sektum fyrir þann, sem elur hann, 10—20 kr. fyrir hvern.

10. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfélög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum ef fleiri hreppar eiga afrjett saman.

11. gr.

Borgun til skotmanns skal vera þessi, nema öðruvísi um semji:

- | | |
|---|-----------|
| a. dagpeningar fyrir hvern sólarhring frá því er hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim | Kr. 12.00 |
| b. fyrir fyrri dýrið, sem vinst við hvert gren | — 5.00 |
| c. fyrir síðara dýrið | — 10.00 |
| d. fyrir hvern yrðling | — 1.50 |

en leggja skal hann sjer til fæði, reiðskjóta, skotfæri, byssu og hvolpaboga. En eitur leggja þeir til, sem kosta grenjavinsluna.

Vökumaður skal hafa um sólarhringinn, frá því hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim kr. 9,00, en leggja skal hann sjer allt til.

Annar kostnaður fer eftir samkomulagi við þá menn, er að einhverju leyti þjóna að grenjavinslu eða eyðing refa, eftir því sem áður er sagt.

12. gr.

Hreppsnefndin skal hvetja unga menn, er með byssu fara, að temja sjer skotfimi, einkum þá, er líklegar eru til að verða dýraskyttur, og stuðla til þess, að þeir sjeu vökumenn með skotmönnum á grenjum.

13. gr.

Skýlt skal hverri hreppsnefnd fyrir desemberlok ár hvert að gefa sýslunefndinni skýrslu um um grenjavinslu og eyðing refa á annan hátt, um eitrun fyrir refi og árangur af henni. Ennfremur sendi þær reikning yfir kostnað þann, er til refaeyðingar hefir gengið úr sveitarsjóði.

14. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—200 kr.; sem renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19

13. apríl

16. gr.

Reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu frá 12. júlí 1894 er úr gildi feld.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að oðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

20

13. apríl

Reglugjörð

um

eyðing refa í Norður-Isafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd annast um eyðing refa samkvæmt reglugjörð þessari. Hreppur er refaeyðingarsvæði.

2. gr.

Refum skal einkum eytt með grenjavinslu og skotum. Eyða má og refum með eitri er hreppsnefnd þykir líklegt að þeir gangi í útburð, enda annist hún um eitrunina.

3. gr.

Aður en 6 vikur eru af sumri skal hver búandi hafa leitað grenja í landi ábúðarjarðar sinnar. Leitir þessar kostar hann sjálfur.

Almenninga og eyðilönd lætur hreppsnefnd leita á kostnað sveitasjóðs. Hreppsnefnd lítur eftir að genjaleitir fari fram.

Nú finst gren eftir grenjaleitir og má þá hreppsnefnd greiða finnanda fundarlaun alt að 5 kr. fyrir gren.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann til grenjavinslu í hreppnum, ef þess er kostur, og birtir hreppsbum í tæka tíð, hver hann er. Eigi meða aðrir en skotmaður vinna að grenjavinslu án samþykkis hreppsnefndar.